

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi er tengt er við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er nægir til fullrar hitunar, að dómi hitaveitunnar, enda sé hitakerfi hússins nægilega stórt.

Vatnsrennsli að húsi verður takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða:

- A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 115,90.
 Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlað hitaveitan vatnsnotkunina með hlíðsjón af hitaþörf hússins.
- B. Fyrir hverja húsveitu ákveður Hitaveita Akureyrar mælisstærð.
 Greiða skal mánaðargjald, sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fyrir hvern mæli:

a. fyrir mæla 15 mm	kr. 684
b. fyrir mæla 20 mm	kr. 1 665
c. fyrir mæla 25 mm	kr. 3 330
d. fyrir mæla 32 mm	kr. 6 660
e. fyrir mæla 40 mm	kr. 13 319
f. fyrir mæla 50 mm og stærri	kr. 26 639

4. gr.

C. Heimæðargjald skal reiknast 15 hundraðshlutar af gatnagerðargjaldi sem álagningarstofn samkvæmt reglugerð um gatnagerðargjöld á Akureyri.

Í heimæðargjaldi er innifalin ein heimæð allt að 30 m að lengd frá götuæð í stofnkrana húss.

Húseigandi skal greiða kostnað við heimæð umfram 30 m samkvæmt ákvörðun hitaveitunnar. Þurfi að bora eða brjóta fyrir inntaksvinkli skal húeigandi greiða þann kostnað er af því hlýst.

Kostnaður vegna tengigrindar er ekki innifalinn í heimæðargjaldi.

Tengigrind kr. 20 556

5. gr.

D. Önnur gjöld:

D.1. Lokunargjald	kr. 1 299
D.2. Mælaálestrargjald (aukaálestur)	kr. 756

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar og taka breytingum í samræmi við hana.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. grein sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989, staðfestist hér með til að taka gildi 1. maí 1993, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 189, 22. maí 1992 ásamt síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1993.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar um mat og flokkun á kartöflum og gulrófum.

1. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð nr. 457 7. nóvember 1986 um mat og flokkun á kartöflum og gulrótum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. apríl 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.